

Ed.
um jafnréttisráð.

880. Frumvarp til laga

[192. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. maí.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti kvenna og karla.

5. gr. hljóðar svo:

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.

6. gr. hljóðar svo:

Konur og karlar, er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

7. gr. hljóðar svo:

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr gærði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað.

9. gr. hljóðar svo:

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

10. gr. orðist svo:

Verkefni Jafnréttisráðs er að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—8. gr. þessara laga um jafnrétti kvenna og karla sé framfylgt.
2. Vera raðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
3. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni sem m.a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
4. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnréttismál kvenna og karla varða, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
5. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
6. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

11. gr. hljóðar svo:

Nú telur Jafnréttisráð, að ákvæði 2.—8. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

13. gr. hljóðar svo:

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa viðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

14. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.